

# Stjarnvísindafélag Íslands

Dunhaga 3, 107 Reykjavík

Tölvup.: [einar@raunvis.hi.is](mailto:einar@raunvis.hi.is)

Sími: 5254800, Fax: 5528911

Reykjavík 22. febrúar 1999

Hr. Stefán Baldursson, skrifstofustjóri  
Menntamálaráðuneytinu  
Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík

Varðar endurskoðun námsskrár fyrir framhaldsskóla: Stjörnufræði

Stjarnvísindafélag Íslands hefur kynnt sér fram komnar tillögur um námsskrá í stjörnufræði. Félagið telur að það mundi vera mjög til bóta ef eftirfarandi áfangalýsingar yrðu notaðar í stað þeirra sem fyrir eru.

## STÖ 123 (eða JAR 123): Almenn stjörnufræði

*Saga stjarnvísinda, himinhvelið, stjörnukort, tímatal. Yfirlit yfir sólkerfið, gerð og þróun sólstjarna, vetrarbrautir. Gerð, upphaf og þróun heimsins. Mælitæki stjarnfræðinnar, gervitungl og geimflaugar.*

Ætlað nemendum af öllum brautum.

## STÖ 213 (eða JAR 213): Sólkerfið

*Lýsing sólkerfisins, skipting í innri og ytri reikistjörnum. Staðhættir á reikistjörnum og tunglum þeirra. Geimferðir og nýjar rannsóknir. Þróun innri reikistjarna, ástæður jarðfræðilegrar virkni, birting jarðfræðilegrar virkni, kólnun hnatta, lofthjúpar. Smástirni, Kuipersbelti, Oortsský, halastjörnur. Loftsteinar, loftsteinaárekstrar og gígar. Myndun sólkerfsins og framtíð þess. Önnur sólkerfi. Þyngdarlögmál Newtons, lögmál Keplers.*

Nauðsynlegur undanfari: JAR 102

## STÖ 203 (eða EÐL 323): Stjarneðlisfræði

*Námskeið fyrir nemendur á eðlisfræði- og náttúrufræðibrautum. Lögmál Keplers og Newtons, geislun, birta og birtustig, litróf. Sólin og gerð hennar, orkuframleiðsla og útgeislun. Þróun stjarna og HR-línuritið, hvítir dvergar, sprengistjörnur, nifteindastjörnur og svarthol, tvístirni. Vetrarbrautir, fjarlægðarmælingar, lögmál Hubbles, heimsfræði. Uppruni frumefna og líf í alheimi. Stjörnukort, myrkvar, himinhvelfingin, tími og tímatal, sjónaukar og önnur mælitæki,*

Nauðsynlegur undanfari: EÐL 203

Félagið vill koma því á framfæri að innan þess er að finna einstaklinga með margra áratuga reynslu af kennslu í stjörnufræði á öllum skólastigum. Félagið er reiðubúið að aðstoða við gerð og nánari útfærslu námsskrár, svo sem gerð áfangalýsinga og áfangamarkmiða. Hið sama gildir um öll önnur atriði sem varða kennslu stjarnvísinda í skólum landsins.

Virðingarfyllt

f.h. Stjarnvísindafélags Íslands,



Vilhelm S. Sigmundsson